

Jón Kr. Arnarson - kveðja Garðyrkjuskólans og Garðyrkjufélags Íslands



Í meira en hundrað ár hefur Múlakot verið einn af þessum mikilvægu stöðum fyrir garðyrkju og trjárækt á Íslandi. Í byrjun síðustu aldar fór garðurinn hér að vekja athygli ræktunarfólks. Þótti skara framúr varðandi árangur í ræktun. Þar kom tvennt til. Hið fyrr eru náttúrulegar aðstæður á staðnum. En þó hefur ráðið þar mestu sú alúð sem Guðbjörg hefur lagt við ræktunarstörfin. Grænir fingur er það sem mestu máli skiptir ef árangur á að nást í ræktun.

Það þarf því ekki að koma á óvart að fyrstu gróðrarstöð Skógræktar ríkisins væri valinn staður á Múlakoti eða hér á reitnum hér við hliðina. Það var á fjórða áratug síðustu aldar en þá hafði þessi garður hér þegar vakið mikla athygli garðyrkjufólks.

Þar í gömlu gróðrarstöðinni er nú eitt merkilegasta trjásafn landsins og er í

umsjá Skógræktarinnar Má þar er að finna hæstu einstöku tré landsins af ýmsum tegundum, þar á meðal hæsta álminn, hæstu hengibjörkina, hæstu alaskaöspina og hæstu blæöspina. Í skóginum er að finna stórvaxin, gömul tré af sjaldséðum trjátegundum, s.s. aski, álmi, blæösp, hengibjörk, hlyni, fjallapini og gullregni.

Allt frá því þau Sigíður og Stefán keyptu Múlakot hafa nemendur frá Garðyrkjuskólanum verið aufúsugestir í garðinum við bæinn. Haustið 2001 kom hópur nemenda í garðinn og safnaði fræjum af ýmsum plöntum í garðinum og var það fræ notað í kennslu næstu 2-3 ár.

Þegar þau hjón gáfu húsið og garðinn inn í sjálfseignarstofnun ákvað Guðríður Helgadóttir, þáverandi staðarhaldari á Reykjum að bjóða fram krafta nemenda og kennara til að koma garðinum í gott horf en hann var í nokkurri niðurníðslu. Úr urðu nokkrar vinnuferðir nemenda og kennara í garðinn þar sem tekið var til hendinni, gömul tré klippt og snyrt, einstaka tré fellt, fjölæringabeð hreinsuð og snyrt og hluti af garðinum tyrfður up á nýtt. Einnig unnu nemendur við hellulögn og snyrtingu við girðingar. Að sjálfsögðu var einmuna veðurlíða alla þá daga sem unnið var í garðinum og allt þetta ferli mjög lærdómsríkt fyrir nemendur og kennara. Sjálfboðaliðar úr vinafélagi Múlakots sáu um að fóðra vinnufólkið á meðan á vinnu stóð og var sá kostur allur rausnarlegur og ljúffengur. Það var okkur starfsfólki skólans og nemendum sönn ánægja að fá að koma að þessu verkefni og okkur líður eins og við eigum nú alltaf hlut í þessum garði.

Garðyrkjufélag Íslands

Garðyrkjufélag Íslands er nokkuð yngra en Guðbjörg en félagið fagnar 135 ára afmæli í ár, stofnað 1885. Garðar eins og garður Guðbjargar hafa verið mörgum hvatning til góðra garðyrkjuverka.

Sigríður Hjartar var um árabil formaður Garðyrkjufélagsins. Eins og áður sagði þá eru skilyrði til trjáræktar einstök á Múlakoti en það hefur lítið að segja nema að til komi ræktunaráhugi og þekking en þó er það natnin og grænu fingurnir sem alltaf eru mikilvægastir. Það er því mikið lán fyrir Múlakot og minningu Guðbjargar garðurinn sé nú kominn í svo góðar hendur.

Það er því mikill heiður og því sönn ánægja að óska aðstandendum Múlakots til hamingju með 150 ára afmæli Guðbjargar og óska þeim áframhaldandi góðs gengis við uppbyggingu og endurgerð húsakosts og garðs. Það geri ég hér fyrir hönd Landbúnaðarháskólans og þá ekki síst Garðyrkjuskólans en einnig færi ég ykkur bestu kveðjur frá stjórn Garðyrkjufélags Íslands.